

8. fundur

Fimmtudaginn 26.10.2006 kom byggðaráð Langanesbyggðar saman til fundar á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.

Mættir voru: Sigurður Ragnar Kristinsson, Þórir Jónsson og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 12:00.

Dagskrá

1. Mál. Starfsmannamál.

Ráðning í stöðu íþróttá- og tómstundafulltrúa. Samþykkt að fela sveitarstjóra að semja við Odd Skúlason um að gegna starfi íþróttá- og tómstundafulltrúa frá og með 1. nóvember 2006 og til og með 31.mái 2007.

Húsnæðismál á Bakkafirði.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að semja við Eignarhaldsfélag Skeggjastaðahrepps um leigu á Bæjarási 7 í stað Miðvangs . Einnig er sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við Eignarhaldsfélagið varðandi endurskoðun á ákvæðum gildandi leigusamnings með tilliti til leigufjárhæðar og uppsagnarákvæða.

2. Mál. Ráðstöfun úthlutunar úr styrktarsjóði EBÍ 2006.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að sveitarfélaginu hafi verið úthlutað kr. 500.000,- úr styrktarsjóði EBÍ vegna athugunar og undirbúnings fyrir fjölskyldugarð á Þórshöfn. Samþykkt að veða styrkfjárhæðinni til frekari útfærslu á hugmyndinni og sveitarstjóra falið að semja við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um að vinna viðskiptaáætlun fyrir fjölskyldugarðinn ásamt þeim heimaaðilum sem komið hafa að hugmyndinni fram að þessu.

3. Mál. samningur um afnot af Brimnes- og Skoruvíkurreka.

Sveitarstjóri lagði fram samning á milli Langanesbyggðar og Skarar ehf um afnot að Brimnes- og Skoruvíkurreka til 1. nóv. 2008. Fyrirliggjandi samningur samþykktur með fyrirvara um ákvæði í samningi á milli ríkis og sveitarfélags varðandi Skoruvík.

4. Mál. póstafréttisla á Bakkafirði.

Vegna hugmynda Póstsins um að loka afgreiðslu fyrirtækisins á Bakkafirði þar sem samstarfsaðili fyrir tækisins fyrirhugar að hætta rekstri á staðnum vill byggðaráð Langanesbyggðar koma eftirfarandi á framfæri.

Rétt er að sá aðili er í dag annast verslunarrekstur á Bakkafirði hefur lýst yfir áformum um að hætta rekstri þar frá og með n.k. áramótum. Fulltrúi Langanesbyggðar hefur í ljósi þessa átt viðræður við öflugna aðila um að koma að verslunarrekstri á Bakkafirði frá og með n.k. áramótum og eru sterkar líkur til þess að það gangi eftir. Ekki eru því líkur á að verslunarrekstur leggist af á staðnum og því forsenda fyrir því að starfrækja áfram póstafréttisla á Bakkafirði með sama sniði og verið hefur.

Byggðaráð langanesbyggðar leggst eindregið gegn því að dregið verði úr pósthjónustu á Bakkafirði frá því sem nú er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 12:54

Björn Ingimarsson, ritari.

